

Ed.

320. Breytingartillögur

[127. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 18. maí 1978, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 7 22. febr. 1980, um breyt. á þeim lögum.

Frá Kjartani Jóhannssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

67. gr. laganna orðist svo:

Tekjuskattur manna, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. og hafa verið heimilisfastir hér á landi allt tekjuárið, skal reiknast af tekjuskattsstofni þeirra skv. 1. og 3. tl. 62. gr. sem hér segir:

Af fyrstu 2 500 000 kr. tekjuskattsstofni reiknast 15%, af næstu 3 500 000 kr. af tekjuskattsstofni reiknast 30%, en af tekjuskattsstofni yfir 6 000 000 kr. reiknast 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 68. gr. Sú fjárhæð, sem þannig fæst, telst tekjuskattur ársins.

Tekjuskattur af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr., skal vera 7% af tekjuskattsstofni og skal barn ekki njóta persónuafsláttar.

2. Við 3. gr. Fyrri efnismálsgr. orðist svo:

Persónuafsláttur manna, sem um ræðir í 1. mgr. 67. gr., skal vera 400 000 kr.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

1. mgr. 69. gr. laganna orðist svo:

Með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu, sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru skv. 1. gr., skal ríkissjóður greiða barnabætur til framfæranda barnsins. Barnabætur skulu nema 140 000 kr. með fyrsta barni, en 215 000 kr. með hverju barni umfram eitt. Fyrir börn yngri en 7 ára á tekjuárinu skulu barnabætur vera 55 000 kr. hærri. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ætíð vera 270 000 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.